

11.11.4

SPG

08080030

Til forseta Íslands

Reykjavík, 23. júlí 2008

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 22. september 2005, var ég dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 247. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.


Finnbogi Kristjánsson
kt. 101258-7699
frv. fasteignasali,

sækir um uppreist æru.


Þar sem nú eru liðin tær tvö ár frá því ég lauk afplánun og þar sem ég hef síðan lifað reglusömu lífi leyfi ég mér að fara þess á leit að mér verði veitt uppreist æru.

Meðfylgjandi er hegðunarvottorð, sakavottorð og staðfesting á því að ég hafi lokið afplánun framangreinds dóms.

Allravirðingarfyllst,



Steingrímur Gautur
Kristjánsson, hrl.
samdi beiðnina.



HEGÐUNARVOTTORD
í tilefni af uppreisn æru
fyrir Finnboga Kristjánsson
kt. 101258-7699

Mér er ljúft að votta að frá því að Finnbogi kom hér inn í Fangelst ãð Kvíabryggju og þar til að hann lauk hér afplánun hefur hann hegðað sér vel og staðið sig með prýði í alla staði. Bæði hvað varðar vinnu, umgengni, samskiptum við starfsmenn og samfanga.

Hann stundaði reglulega útivist og líkamsrækt og tók virkan þátt í félagsstarfi. Hann var einnig í námi meðan hann var hér og stóðst hann það með ágætum árangri og lauk prófum með sóma.

Það var hægt að fela honum ábyrgðarverk sem hann leysti með trúmennsku og reglusemi.

Grundarfirði, 5. ágúst, 2008

Geirmundur Vilhjálms
Geirmundur Vilhjálmsson
Forstöðumaður.


Steingrímur Gautur Kristjánsson hrl. sf.

STEINGRÍMUR GAUTUR KRISTJÁNSSON
HÆSTARÉTTARLÖGMADUR
avocat à la Cour

HEGÐUNARVOTTORÐ
í tilefni af beiðni um uppreist æru
fyrir Finnboga Kristjánsson
kt. 101258-7699

Mér er ljúft að votta að frá því Finnbogi var á vegum Verndar við lok afplánunar og hafði frjálsan tíma daglega hefur hann unnið fyrir mig og fyrirtæki á mínum vegum ýmis verk - við viðhald fasteigna, búferlaflutninga, útvegun jarðnæðis, stofnun lögbýlis og samningaumleitanir í því sambandi, umsjón með verktökum, girðingar o. fl. Hefur hann í alla staði reynst mér vel, unnið mér af trúmennsku og reynst þannig að ég treysti honum fullkomlega. Hef ég ekki orðið annars var en að hann væri reglusamur og reikna ég með að hann haldi áfram að taka að sér trúnaðarstörf fyrir mig en hann hefur stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands síðan sl. haust.

Reykjavík, 23. júlí 2008



Aritun:

Reykjavík - sími/fax: +(354) 562 1313 - farsími: +(354) 861 6326
kt. 440102-4840 - viðskiptabanki: SPH 1101, Strandgötu 8-10 - 220 Hafnarfirði
télkkareikningur: 26 -1826 - VSK-nr.: 73645 - netfang: sok@icircmail.com

HEGÐUNARVOTTORD

**í tilfni af uppreist æru
fyrir Finnboga Kristjánsson
kt. 101258-7699**

Ég get hér með vottað að Finnbogi hefur sem ráðgjafi, tekið að sér á síðustu tveimur árum, verkefni fyrir mig vegna minna starfa. Finnbogi vann öll þau verk af samviskusemi og með prýði. Vinna við þessi verkefni kallaði á samskipti við ýmsa opinbera aðila.

Það er mín reynsla að Finnboga sé haegt að fela ábyrgðarverk, sem hann geti leyst af trúmennsku, kostgæfni og reglusemi.

Reykjavík, 6. ágúst 2008.

Halldór Þórður Ólafsson

Kt. 241048 2849



FANGELSIISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tilvísun

Finnbogi Kristjánsson
Kt. 101258-7699

6. ágúst 2008

/ASA

Fangelsismálastofnun staðfestir hér með, samkvæmt beiðni, að **Finnbogi Kristjánsson, kt. 101258-7699** var í samfelldri afplánun í fangelsum ríkisins frá 2. janúar 2006 – 15. ágúst 2006 en þann dag var honum veitt reynsulausn skilorðsbundið í 2 ár á 225 daga eftirstöðvum.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 6. ágúst 2008

e.u.

Anna St. Aðalsteinsdóttir

Anna Stefanía Aðalsteinsdóttir

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

*Finnbogi Kristjánsson
Ragð 7. september 2008
Björn Þórðarson*

Finnbogi Kristjánsson, kt. 101258-7699, til
heimilis að

hefur farið þess á leit
að honum verði veitt uppreist æru sinnar,
að því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands,
uppkveðinn 22. september 2005, þar sem
honum var gert að sæta 15 mánaða
óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot gegn
almennum hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir
hendi til þess að verða við framangreindri
beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að
þour, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Finnboga
Kristjánssyni uppreist æru sinnar að því er
snertir framangreindan dóm.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
8. september 2008.

Allravirðingarfyllst,

Björn Þórðarson

Ragnheiður